

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
91. fundur –6. júní 2005**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 6. júní 2005, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:00. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Farið var í vettvangsskoðun að vatnstökusvæði Vatnsveitu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerðir 90 fundar heilbrigðisnefndar

Samþykkt.

2 Sandskeið. Flugskýli

Lagt fram að nýju bréf Kópavogsbæjar, bæjarskipulags, dags. 25. apríl 2005 þar sem óskað er umsagnar um erindi Svifflugfélags Íslands, dags. 30. mars 2005 varðandi leyfi til að byggja flugskýli á Sandskeiði.

Á fundi nefndarinnar þann 30. maí s.l. var erindinu frestað og vísað til umsagnar heilbrigðisnefnda Reykjavíkur og Kjósarsvæðis með vísun til 5. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 636/1997.

Heilbrigðisnefnd tekur jákvæða afstöðu til málsins og felur framkvæmdastjóra afgreiðslu þess þegar álit framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu liggur fyrir.

3 Tillaga um legu reiðvegjar

Lagt fram að nýju erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 30. apríl 2005 ásamt tillögu að legu reiðleiðar um grannsvæði vatnsbólsins í Kaldárbotnum. Verið er að vinna að deiliskipulagi að svæði fyrir efnistöku við Undirhlíðar og Hafnarfjarðarbær hefur fengið ósk frá reiðveganefnd Sörla um að leggja reiðveg frá Kaldárseli og í átt að Krýsuvík.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd fellst ekki á að farið verði í framkvæmdir við gerð reiðvegjar um umrætt svæði.”

4 Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:15.

Loftur Þór Pétursson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Andrés Pétursson

Richard Hansen

Árni Sverrisson

Sigurgeir Ólafsson